

# MEIRI ÁRVEKNI

## SKILAR SÉR Í FÆRRI TJÓNUM

Eitt erfiðasta akstursform sem hugsast getur er að aka langferðabifreið eða strætisvagni. Slíkur akstur krefst nákvæmni og yfirvegunar ásamt því að bílstjórar stærri bíla þarf aukna félagslega meðvitund. Ólíkt flestum öðrum tegundum aksturs þurfa bílstjórar stærri bíla að sýna fulla einbeitingu að veginum en á sama tíma vera meðvitaðir um hvað er að gerast í vagninum þeirra.

Akstur stærri bifreiða getur verið mjög krefjandi starf. Bílstjórar verða fyrir utanaðkomandi áreiti í umferðinni, sérstaklega á háanna tíma hvers dags. Birtingarmyndin frá okkur séð er stundum sú að bílstjórar stærri bifreiða eigi oft skilið að fá „hárpurrkuræðuna“ að mati annarra bílstjóra í umferðinni, einfaldlega af því að bíllinn sem þeir aka er stór og er „fyrir öðrum“. Þess vegna er jafnaðargeð einn stærsti kostur í fari hvers atvinnubílstjóra.

Ekki má gleyma því að það getur verið þakklátt starf að aka stærri bifreiðum. Bílstjórar í skóla- og frístundaakstri eiga í jákvæðum samskiptum við nemendur og skólustarfsfólk. Bílstjórar fá spurningar frá eðlislega forvitnum nemendum um starfið og bílana. Samskiptahæfni bílstjóra er því annar mikilvægur kostur í starfinu.

Í fréttabréfinu eru upplýsingar um tjón hjá akstri Hópbíla á árinu 2023. Ljóst er að með bættri aksturshegðun, forvörnum og ríkari árvekni bílstjóra höfum við tækifæri á að gera betur. Rúðutjón eru stærsti kostnaðarvaldurinn í okkar akstri en annars eru helstu slys okkar bílstjóra þessi: a) ekið á kyrrstæðan bíl b) bakkað á c) aftanákeyrsla d) hurðun.

Með tilkomu Traffilog kerfisins höfum við hafið gagnasöfnun um notkun á hverjum bílahópi (100, 200, 400, 500), gagnasöfnun um notkun á hverjum bíl fyrir sig ásamt því að við söfnum gögnum um aksturshegðun hvers bílstjóra. Fyrir mitt árið 2024 verður kallað á bílstjóra og þeim afhent yfirlit yfir nokkra þætti í þeirra akstri, hrósað fyrir það sem vel er gert og opnað á markmiðssetningu um það sem má bæta. Þess utan munum við birta yfirlit yfir lausangang, sérstök atvik og eldsneytisnotkun hjá hverjum bílahópi fyrir sig.



HÓPBÍLAR



### Í fréttabréfinu

Meiri árvekni.....	1
Skuggsýnt, vindasamt og hálkublettir .....	2
Ljósmyndasamkeppni bílstjóra 2023 .....	3
Bilanatilkynningar .....	...4

# SKUGGSÝNT, VINDASAMT OG HÁLKUBLETTIR


## TVEIR AF "HÆTTULEGUSTU" AKSTURSMÁNUÐUM ÁRSINS FRAMUNDAN

Fyrstu þrjú mánuðir ársins eru hættulegustu akstursmánuðir ársins ásamt nóvember skv. tölfræði frá tryggingafélagi okkar. Eflaust má tengja það við myrkvað skammdegið auk þess sem veður geta verið válynd í þessum mánuðum með hálfu, vindi og erfiðum aksturskilyrðum. Rannsóknir sýna einnig að rekja má langflest óhöpp til mannglegra þátta og því mikilvægt að brýna fyrir bílstjórum að sýna árvekni í öllum akstri. Hér að neðan má sjá tölfræði yfir tjón hjá Hópbílum á síðasta ári sem og yfirlit yfir tjón á hverjum ársfjórðungi fyrir sig.

### Fjöldi tjóna per mánuð

Vara: All


Tímabil: 2023 til 2024



### Fjöldi tjóna per ársfjórðung

Vara: All

Tímabil: 2023 til 2024




# LJÓSMYNDASAMKEPPNI BÍLSTJÓRA 2023

## VERÐLAUNAMYNDIR ÁRSINS

Nú er komið í ljós hvaða þrjár myndir urðu hlutskarpastar í ljósmyndakeppni bílstjóra árið 2023. Verðlaunahafar fá gjafabréf í viðurkenningarskyni fyrir frábærar myndir. Þátttaka var framúrskarandi og bárust um 90 myndir. Hópbílar þakka bílstjórum fyrir frábær viðbrögð og skemmtilegar myndir. Ljóst er að leikurinn verður endurtekinn á árinu 2024. Gaman verður að sjá nýjar myndir af bílum okkar á áhugaverðum slóðum á þessu ári.

**GULL**





Guðmundur Jóhann Ingason



**SILFUR**

Sólveig Dögg Guðmundsdóttir



**BRONS**

Gunnar Gunnarsson



# BILANATILKYNNINGAR

## NÝJAR LEIÐIR VIÐ AÐ TILKYNNNA BILANIR



Mánudaginn 15. janúar tókum við í gagnið nýtt form við að tilkynna bilanir sem upp koma á bílum okkar.

Ein breytingin er sú að nú geta bílstjórar sjálfir tilkynnt um bilanir.

Bilanatilkynningar fara í gegnum tengil á Google Forms þar sem sá aðili sem tilkynnir um bilun þarf að fylla út ákveðnar upplýsingar. Þar þarf að setja inn nafn bílstjóra, símanúmer bílstjóra, tækjanúmer bíls (ekki bílnúmer), kílómetrastöðu bíls, bilanalýsingu og alvarleika bilunar.

Bílstjórar þurfa að fylla formið vandlega út, ýkja ekki alvarleika bilunar og sýna biðlund og þolinmæði hvað viðgerð varðar.

Þegar búið er að fylla út Google Forms eyðublaðið safnast upplýsingar saman á yfirlitsskjal sem vaktstjórn, verkstæði og rekstrarstjóri hafa yfirsýn yfir. Ábyrgð á viðgerðum og forgangsroðun viðgerða verður sameiginleg á milli rekstrarstjóra/vaktstjórnar og verkstæðis.

Bílstjórar eru hvattir til þess að tilkynna aftur bilanir sem þegar hafa verið tilkynntar en ekki brugðist við.

Eflaust berast margar ábendingar fyrstu vikunnar og því gætu verkefni hlaðist upp í byrjun. Því er mikilvægt að sýna verkefninu þolinmæði á aðlögunartíma.

**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri

